

Niðurstöður úr SET lista á Kiðagili 2023.

SET listinn er matstæki til að meta árangur og uppbyggingu SMT – skólafærni skóla. Listinn er lagður fyrir með viðtölum við börn, starfsfólk og stjórnendur leikskólans, með áhorfi í skólanum sjálfum og með því að skoða handbækur og önnur SMT gögn.

Niðurstöður listans er ætlað að nota til að þróa, endurskoða og/eða bæta SMT – skólafærni viðkomandi skóla. Listinn er lagður fyrir einu sinni á ári og því gott tæki til að bera saman árangur milli ára.

Leikskólinn var heimsóttur í desember. Rætt var við börn og starfsfólk Engjarós og litið inn á aðrar deildir skólans ásamt því að líta á SMT gögn leikskólans.

Niðurstöður SET listans á Kiðagili eru þær að skólinn er að vinna SMT á fullnægjandi hátt. Heildarmeðaltal skólans er 98.68 % Skólar sem fá 80 % eða meira í heildarmeðaltal eru að innleiða og vinna eftir SMT á fullnægjandi hátt. Í listanum eru 8 flokkar sem kannaðir eru og var heildarmeðaltal þessara átta flokka 98.68 %. Heimsóttar voru 2 deildir, Engjarós og Smári.

Hér fyrir neðan er farið yfir niðurstöður listans (Flokkar A – H):

A. Reglur skilgreindar – 8/8 = 100%

Jákvæðar skólareglur eru til staðar, eru sýnilegar og í hæð nemenda á öllum þremur deildum.

B. Reglur kenndar – 6/6 = 100%

Til staðar er reglutafla þar sem kemur fram yfirlit um reglur og hvenær á að kenna reglur. Í leikskólanum eru fjórar yfirreglur og 8 undirreglur. Starfsmenn yfirreglurnar og nokkrar undirreglur og eru því að tilgreina meirihluta reglna. Börn á Engjarós voru spurð út í reglur. Allajafna þekktu börnin yfirreglurnar og töldu einnig upp nokkrar undirreglur. Flest börnin töldu reglurnar upp rétt.

C. Viðbrögð við æskilegri og óæskilegri hegðun – 13/14 = 93%

1. Til staðar er kerfisbundin leið til að umbuna fyrir æskilega hegðun og taka flestir starfsmenn þátt í að nota kerfisbundnar aðferðir til að umbuna fyrir æskilega hegðun. Börnin fá bros þegar þau fylgja reglum og safna. Þegar takmarki er náð er umbun veitt. Einnig er notuð félagsleg hvatningu. s.s. „þumall“ og „fimma“. Einnig eru einhver börn með persónuleg umbunakerfi ef þörf þykir.
2. Til staðar er ákveðið ferli sem starfsmenn fylgja varðandi viðbrögð við óæskilegri hegðun, s.s. forréttindamissir, einvera og minna á regluna. Á Engjros var barn minnt

á regluna og leiðrétt. Einnig var notað klapp og skýr fyrirmæli til að gefa til kynna að breytingar væru í nánd.

3. Í áhorfi á deildinni og örðum deildum var töluvert um munnlegt hrós og jákvæða athygli og jafnvægi á milli jákvæðra og neikvæðra athugasemda (4-1). Það sem dregur þennan þátt niður er að það var einungis einu sinni sem starfsmaður gaf markvisst hrós þegar farið var eftir reglu.

D. Skipulagt og fyrirsjánlegt umhverfi – $10/10 = 100\%$

Myndrænt skipulag var að finna á deildunum. Allir starfsmenn gátu sagt hvað tekur við eftir að samverustund lýkur og áttu börnin einnig í flestum tilfellum auðvelt með að nefna hvað væri næst á dagskrá.

Gefin var fyrirvari á skiptitíma með orðum og klappi.

E. Eftirlit og ákvarðanartaka – $8/8 = 100\%$

Óæskileg hegðun er skráð rafræn og jafnóðum sem bregðast þarf við hegðun. Fyrsta vika í mánuði er skráningavika og eru þær skráningar skráðar inn í Excel skjal. Niðurstöður eru ræddar á fundum og ákvarðanir teknar út frá því.

F. Þátttaka fjölskyldu – $10/10 = 100\%$

Deildarstjórar hafa regluleg samskipti við foreldra með tölvupósti, viðtölum, daglegum samskiptum o.fl. Auk þess hafa foreldrar alltaf aðgang að deildarstjórum og skólastjóra til frekari upplýsinga. Taka þátt í skólastarfi s.s. vettvangsferðum, föndri og skipulögðum heimsóknum.

Foreldrar er einnig upplýstir um reglur a.m.k. einu sinni á ári og fá skriflegar upplýsingar um framkvæmd SMT skólafærni.

Fulltrúar foreldraráðs fengu kynningu á reglum skólans á síðasta ári.

G. Stjórnun – $12/12 = 100\%$

Í skólanum er til staðar teymi sem heldur utan um og styður við SMT skólafærni og var þetta staðfest af starfsmönnum. Teymið samanstendur af deildarstjórum, skólastjóra og ófaglærðum starfsmanni og uppfyllir því viðmið um þverskurð af starfsmönnum í teymi. Teymið fundar í hverjum mánuði og upplýsir starfmenn um framvindu og markmið SMT með fundargerðum. Til staðar er aðgerðaráætlun með ákveðnum markmiðum tengdum SMT skólafærni.

H. Stuðningur við verkefni – $8/8 = 100\%$

Samkvæmt viðtali við stjórnanda þá er gert ráð fyrir ákveðnu fjármagni til að þróa og viðhalda SMT. Starfsmenn hafa tíma og fá úrræði til að vinna að markmiðum verkefnisins. Starfsmönnum hefur gefist kostur á fræðslu á árinu og meirihluti þeirra sem rætt var við telur sig hafa nægan tíma og úrræði til að vinna að markmiðum SMT skólafærni.

Til hamingju starfsfólk á Kiðagili. Heildarmeðaltal ykkar er **98,68 %** sem er frábær árangur.